

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Akureyri, 28. júní 2024
UST202405-204/S.R.B.
10.04.03

Umsögn - vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Akursels vegna fiskeldis

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþing* er barst 23.5.2024 08:51:06* þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi á landi Akursels vegna fiskeldis að Núpsmýri í Öxarfirði, Norðurþingi. Umhverfisstofnun veitir þessa umsögn vegna breytinga á bæði aðal- og deiliskipulagi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til 100,3 ha svæðis þ.e Akursels 91,9 ha. og fylgir lóðamörkum Núpsmýrar alls 8,4 ha. Markmið breytingar á skipulaginu er að gera eldinu kleift að stækka með bættum mannvirkjum til vatnstöku og umhverfisvænni fráveitulausnum. Á Akursels reitnum er gert ráð fyrir auknu umfangi bygginga þar sem á að endurnýja sjótökuhús, byggja fiskimykjutanka og vélageymslu. Einnig er gert ráð fyrir borholusvæði, lagnaleiðum og göngubrú í sambandi við lagnir yfir Brunná/Sandá. Markmiðið er að skipulag sé fyrir öllu athafansvæði sem tengist fiseldinu að Núpsmýri sem er í landi Akursels.

Aðgengi

Þar sem lóð Akursels nær alveg niður í fjöru og að árfarvegi eins og fram hefur komið bendir Umhverfisstofnun á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram um skipulag við vötn, ár og sjó í gr. 5.3.2.14: "Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m." Girðingar Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna

Vatnamál og fráveita

Umhverfisstofnun vekur athygli á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, en markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heilstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímaverndar vatnsauðlindarinnar. Í 28. Gr laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnáætlunar kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnááætlun. Jafnframt segir að Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnááætlun. Bendir því Umhverfisstofnun á að tillagan að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi á landi Akursels vegna fiskeldis að Núpsmýri í Öxarfirði þurfi að vera í samræmi við stefnumörkun vatnááætlunar.

Straumvatnshlotið Brunná/Sandá (102-1404-R) og strandsjávarhlotið Hvanndalir að Digranesi (102-1367-C) eru á skipulagssvæðinu. Umhverfismarkið þessara vatnshlota er að vera í góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Hvorugt þessara vatnshlota hafa verið flokkuð í vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand og því ekki verið staðfest hvort umhverfismarkmið þeirra náist eða ekki. Jafnframt er grunnvatnshlotið Bakkahlaup (102-135-G) á svæðinu sem hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Grunnvatnshlotið hefur ekki heldur verið flokkað, og er því magnstaða vatnshlotsins og efnafræðilegt ástand þess óþekkt. Gæðapættir sem vakta á eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt skýrslu¹ Veðurstofu Íslands um [grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum](#) er grunnvatnshlotið á þessu svæði þ.e. Bakkahlaup nefnt sem vatnshlot undir álagi vegna magntöku (sjá mynd 1 í skýrslu). Bent er á að áður en viðeigandi stjórnvöld veita leyfi vegna starfseminnar verður að liggja fyrir mat á áhrifum á vatnshlot og hvort framkvæmdin geti valdið því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki.

Úrgangur

Ef nota á fastefni sem áburðarefni skal leita samþykkis Matvælastofnunar. Notkun dauðfisks/meltu er einnig háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að finna fastefninu góðan farveg og að allur lífbrjótanlegur úrgangur verði endurnýttur eins og kostur er. Stofnunin bendir á stefnu stjórnvalda, í átt að hringrásarhagkerfi, sem kom út í júní 2021 en samkvæmt henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

¹ Davíð Egilson ofl. [Tillögu að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum](#). Veðurstofa Íslands, DE/ofl/2020-02. 11 bls.

Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.²

Fuglalíf

Stofnunin bendir á mikilvægi þess að hugað sé að fuglalífi við gerð slíkra breytinga. Líkt og lýst er í greinargerð er fjölbreytt fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir á svæðinu séu utan varptíma.

Framkvæmdaleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvænleikanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvænleiki sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%3fb0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf